

Hornafjörður  
Anna Bragadóttir  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 10. nóvember 2023  
UST202309-259/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012 - 2030 og nýtt deiliskipulag - Leiðarhöfði**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 25. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu vegna breytingar á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012 - 2030 og nýju deiliskipulagi vegna Leiðarhöfða.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að landnotkun á Leiðarhöfða er að hluta breytt úr íbúðarsvæði, ÍB4, og óskilgreindu opnu svæði í nýtt opið svæði, OP5. Auk þess kemur fram að þar verður skilgreint útivistar- og hátíðarsvæði þar sem heimilt verður að reisa þjónustu og menningarhús.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**  
Sverrir Aðalsteinn Jónsson  
**teymisstjóri**